

Nd.

760. Nefndarálit

[168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Þar sem Alþingi hefur þegar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970 samþykkt að taka hluta af framlagi til landnámsins, 7.5 millj. kr., út af fjárlögum, telja undirritaðir nefndarmenn, að samþykkt þessa frumvarps að því er tekur til framlags ríkisins 1970 sé eðlileg. Því mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu, að heimildin nái aðeins til ársins 1970. Leggja þeir því til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir orðin „Á árunum, 1970—1971 er ríkisstjórninni heimilt að lækka hvort ár framlög á fjárlögum“ komi: Á árinu 1970 er ríkisstjórninni heimilt að lækka framlag á fjárlögum.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Benedikt Gröndal.

Jónas Pétursson.